Alþingi
Erindi nr. Þ 132/809
komudagur 8.2.2006

Starfsmenn Stofnunar Árna Magnússonar 2005

| | Stéttarfélag |
|---|---|
| 2 hafa 40 % ranns.skyldu (forstm. og aðstforstm) | FH og Prófessorafél. |
| 7 hafa 60 % ranns.skyldu (4 vísindamenn og 3 fræðimenn) | FH |
| 1 verkefnaráðinn ótímab. með 0 % rannsskyldu | FH |
| 1 verkefnaráðinn til 30.6.2006 með 0 % rannssk skv. samn. | FH |
| 2 Skrifstofustjóri og bókavörður, ársmat | FH |
| 1 Safnkennari | KÍ |
| 2 sérhæfðir starfsmenn (forvörður og ljósmyndari) | SFR |
| 3 öryggis- og húsverðir | SFR |

Samtals 19 starfsmenn í fullu starfi,

Annað starfsfólk hefur stutta tímabundna ráðningu til ákveðinna verkefna, oftast í hlutastörfum

Starfsmenn Stofnunar Sigurðar Nordals

forstöðumaður (fullt starf+föst yfirvinna), (Ph.D.) 40% rannsóknaskylda, fær greitt úr vinnumatssjóði, sáttmálasjóði, rannsóknaleyfi eftir því sem fjárveitngar leyfa — FH

deildarstjóri (50%)(B.A.) skrifstofustarf, ársmat — FH
verkefnisstjóri (50%) (M.A.) verkefnisstjóri, ársmat — FH

Starfsmenn Örnefnastofnunar Íslands 2005

1 forstöðumaður, skipaður til 1998 — FFR
1 sérfræðingur, bókavörður í fullu starfi — FÍF – kjaradeild
1 sérfræðingur (nú í 75% starfi, en vilji til að vera í fullu starfi) — FÍF – kjaradeild

Starfsmenn Íslenskrar málstöðvar 2005:

Alls 5,8 störf, þar af 4 föst og 1,8 tímab.
3 af 4 föstum starfsm. fást að e-u leyti við rannsóknir án ranns.skyldu
**Fastir starfsmenn:**
1 forstöðumaður — (undir kjaranefnd, FFR)
skipaður til 1.9. 2010,
engin rannsóknaskylda en er rannsóknatengt starf í reynd
nú mögul. rannsóknaleyfi eftir fjárv. úr sameiginlega sjóðnum
1 deildarstjóri málfræðideildar — FH
ótímabundin ráðning
engin rannsóknaskylda en er rannsóknatengt starf i reynd
nú mögul. rannsóknaleyfi eftir fjárv. úr sameiginlega sjóðnum
1 deildarstjóri íðorðadeildar — FH
ótímabundin ráðning
engin rannsóknaskylda en er rannsóknatengt starf í reynd
nú mögul. rannsóknaleyfi eftir fjárv. úr sameiginlega sjóðnum

| | |
|---|---|
| 1 deildarstjóri rekstrardeildar<br>ótímabundin ráðning<br>ekki rannsóknastarf | FH |
| **Tímabundnar ráðningar:** | |
| 1 aðstoðarmaður ritstjóra stafsetningarorðabókar<br>80%-starf, rennur út 31.10.2005 (nú fæðingarorlof) | FÍF – kjaradeild |
| 1 verkefnisstjóri, einkum við stafsetningarorðabók<br>100%-starf, rennur út 31.3.2006 | FÍF – kjaradeild |

Starfsmenn Orðabókar Háskólans:

4 hafa nú 40% rannsóknaskyldu (forstöðumaður, 1 vísindamaður, 2 fræðimenn). Vísindamaðurinn og fræðimennirnir fá 60% rannsóknaskyldu 1. janúar 2006, forstöðumaðurinn/prófessorinn ekki að óbreyttu.

6 starfsmenn eru sérfræðingar sem ekki eru ráðnir til akademískra starfa. Þar af mundu 2–3 geta látið meta sig yfir á akademíska braut ef sá möguleiki byðist.

Allir starfsmenn aðrir en forstöðumaður/prófessor eru í FH.

3. febrúar 2006

**Til Helgu Þórisdóttur skv. samtali**

**Í febrúar 2006 eru 5,0 störf í Íslenskri málstöð**

**Málstöðin er hvergi skilgreind sem rannsóknarstofnun en hins vegar væri heldur ekki rétt að segja að hún sé hrein þjónustustofnun. Verkefni málstöðvarinnar eru nefnilega býsna rannsóknatengd og þá einkum á sviði hagnýttrar málfræði. Þetta á sér m.a. þá skýringu að málstöðin var sett á fót 1985 sameiginlega af málnefndinni og Háskóla Íslands og fram að lagabreytingu árið 2000 var forstöðumaður hennar jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaða kennsluskyldu. Þá segir í gildandi lögum að leiðbeiningar stofnunarinnar skuli byggðar á fræðilegum grundvelli.**

**Deildarstjórar:**

**1) Ágústa Þorbergsdóttir**

Starfið er ekki skilgreint sem rannsóknarstarf en er býsna rannsóknatengt í reynd. Sem yfirmaður málfræðideildar þarf Ágústa mjög að beita málfræðiþekkingu við úrlausn verkefna og oft reynir á rannsóknir og athuganir á ýmsum afmörkuðum sviðum hagnýttrar málfræði. Umsjón með orðabanka og málfarsbanka Íslenskrar málstöðvar. Málfarsráðgjöf, einkum úrlausn munnlegra og skriflegra fyrirspurna sem Kári Kaaber, sem lítur fyrst á erindin, vísar áfram til hennar. Málfarsleiðbeiningar. Útgáfustörf. Samstarf við aðra innlenda og erlenda sérfræðinga í hagnýttri málfræði, ekki síst á sviði íðorðafræði. Sér um málfræðilega og tæknilega þjónustu við orðanefndir og aðra höfunda íðorðasafna. Yfirlestur handrita gegn endurgjaldi. Yfirumsjón með skrá um fyrirspurnir og svör. Aðstoð við val nýyrða og nýyrðasmíð og skráning á nýyrðum. Skipulagning ráðstefna, námskeiða og funda.

**2) Dóra Hafsteinsdóttir**

Ritstjórn stafsetningarorðabókar. Starfið er ekki skilgreint sem rannsóknarstarf en er rannsóknatengt í reynd. Dóra er sérfróð í orðabókarfræði og um orðabókargerð.

**3) Kári Kaaber**

Starfið er aðallega þjónustustarf. Málfarsleg þjónusta við almenning, í samráði og samstarfi við aðra starfsmenn; einkum almenn málfarsráðgjöf í síma og tölvupósti og yfirlestur handrita gegn endurgjaldi. Skráning fyrirspurna og svara í samráði og samstarfi við deildarstjóra málfræðideildar.

Dagleg fjármálaumsýsla í samráði og samstarfi við Fjársýslu ríkisins (sem annast launavinnslu, greiðslu- og bókhaldsþjónustu). Umsjón með skráningu gjalda, tekna og eigna. Umsjón með skjalasafni og bókasafni. Umsjón með dreifingu útgáfurita stofnunarinnar. Undirbúningur ráðstefna og funda.

**Forstöðumaður: Ari Páll Kristinsson**

Starfið er ekki skilgreint sem rannsóknarstarf en er mjög rannsóknatengt í reynd. Forstöðumaður skal skv. lögum nr. 2/1990 hafa lokið meistaraprófi eða jafngildu prófi í íslenskri málfræði. Forstöðumaðurinn er sérfróður um íslenska málfræði og hefur sem slíkur yfirumsjón með faglegri starfsemi málstöðvarinnar. Íslensk málstöð starfar á sviði hagnýttrar málfræði sem felur í sér að forstöðumaður hennar þarf annars vegar að beita málfræðiþekkingu við störf sín og hins vegar að leita nýrrar þekkingar í hagnýttri málfræði.

Úr erindisbréfi menntamálaráðherra: „Forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar er embættismaður ... ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi Íslenskrar málstöðvar. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk málstöðvarinnar ... stjórnar daglegum rekstri málstöðvarinnar og gefur ráðherra árlega skýrslu um starfsemi hennar ... ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma hennar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir hennar séu nýttir á árangursríkan hátt ... hefur umsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar ... hefur yfirumsjón með húsakynnum og öllum eignum stofnunarinnar."

**Verkefnisstjóri: Guðrún Ingólfsdóttir**
Starfið felst í ýmsum verkþáttum við stafsetningarorðabók sem unnið er að í Íslenskri málstöð. Verkefnisstjórinn er náinn samstarfsmaður ritstjóra stafsetningarorðabókarinnar, Dóru Hafsteinsdóttur. Starfið er ekki skilgreint sem rannsóknarstarf.

Gudrun Kvaran <gkvaran@lexis.hi.is>
03.02.2006 11:23

To helga.thorisdottir@mrn.stjr.is
cc
bcc
Subject Orðabók Háskólans

Sæl Helga

Starfsmenn Orðabókar Háskólans:

Guðrún Kvaran, prófessor, forstöðumaður 100%
Aðalsteinn Eyþórsson, verkefnisstjóri 100%
Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir, verkefnisstjóri 50%

Ásta Svavarsdóttir, fræðimaður 100%
Bessi Aðalsteinsson, verkefnisstjóri 100%
Gunnlaugur Ingólfsson, fræðimaður 100%
Halldóra Jónsdóttir 50% (fra 15.12)
Jón Hilmar Jónsson, vísindamaður 100%
Kristín Bjarnadóttir, verkefnisstjóri 100%
Sigrún Helgadóttir, verkefnisstjóri 75%
Þórdís Úlfarsdóttir, verkefnisstjóri 75%

Starfsmenn, sem ráðnir hafa verið til fræðistarfa að undangengnu dómnefndaráliti, eru fjórir:

1. Guðrún Kvaran: forstöðumaður og prófessor, sinnir rannsóknum og sér um allt skrifstofuhald annað en greiðslu og bókun reikninga. Háskóli Íslands annast bókhaldsuppgjör.

2. Ásta Svavarsdóttir: fræðimaður. Er í rannsóknarstarfi og sinnir þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni.

3. Gunnlaugur Ingólfsson: fræðimaður. Er í rannsóknarstarfi og sinnir þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni.

4. Jón Hilmar Jónsson: vísindamaður. Er í rannsóknarstarfi og sinnir þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni.

Sjö starfsmenn hafa verið ráðnir sem sérfræðingar til ákveðinna verkefna:

1. Aðalsteinn Eyþórsson. Vinnur sem ritstjóri við íslenska hluta íslensks-norræns (danska, norska, sænska) orðabókargrunns sem styrkur hefur fengist til á fjárlögum og ljúka á 2011.

2. Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir. Vinnur að verkefninu ,,mörkuð íslensk málheild" sem styrkur fékkst til frá menntamálaráðuneyti.

3. Bessi Aðalsteinsson. Sér um tölvukerfi stofnunarinnar, heldur utan um gögn, aðstoðar starfsmenn eftir þörfum og vinnur annað sem til fellur og tengist tölvunum.

4. Halldóra Jónsdóttir. Vinnur sem verkefnisstjóri við íslensk-norræna orðabókagrunninn með ritstjórunum, heldur utan um norræna samstarfið, skipuleggur vinnufundi og sér um styrkumsóknir.

5. Kristín Bjarnadóttir. Vinnur að ýmsum verkefnum sem henni eru falin. Hún skipulagði og vann „Beygingarlýsingu orða" sem styrkur fékkst til frá menntamálaráðuneyti og sér nú um viðbætur og leiðréttingar á henni ásamt öðrum sérfræðiverkefnum.

6. Sigrún Helgadóttir. Verkefnisstjóri í verkefninu „Mörkuð íslensk málheild" sem unnið er að fyrir styrk frá menntamálaráðuneyti.

7. Þórdís Úlfarsdóttir. Vinnur sem ritstjóri við íslenska hluta íslensks-norræns (danska, norska, sænska) orðabókargrunns sem styrkur hefur fengist til á fjárlögum og ljúka á 2011.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum verða þær veittar.

Með vinsemd,
Guðrún Kvaran

**Úlfar Bragason**
**<ulfarb@hi.is>**
03.02.2006 10:51

To helga.thorisdottir@mm.stjr.is
cc
bcc
Subject starfsmenn Stofnunar Sigurðar Nordals

Til Helgu Þórisdóttur, lögfræðings

Starfsmenn Stofnunar Sigurðar Nordals á skrifstofu í Þingholtsstræti 29

Úlfar Bragason forstöðumaður (100% starf)
 40% rannsóknarskylda
Rósa Sveinsdóttir deildarstjóri ( 50% starf)
Guðrún Laufey Guðmundsdóttir verkefnisstjóri (50 % starf)

M.b.kv.
Úlfar

P.s. þess skal geta að SSN styður 16 kennslustöður í íslensku við erlenda háskóla, þar af greiðir stofnunin hálf laun lektora við UCL og Humboldt háskóla